

Bréf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna).

Með þessu bréfi er eptir beiðni forstöðumanns forngripasafnsins, inspektors Jóns Árnasonar, og samkvæmt meðmælum stiptsyfirvaldanna veittir þéðu safni 100 rd. styrkr úr landskjóði, affè því, sem veitt er til ýmislegra óvissra útgjalda á þessu reikningsári¹.

46
5ta
desbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Með bréfi herra amtmannsins frá 24. f. m. meðtók eg tvírtaðan reikning sýslumannsins í Árnæssýslu yfir kostnaðinn við skoðun og útvisunargjörð til nýbýlis handa landlækni dr. Jóni Hjaltalin í Sleggjubeinsdal á síðastliðnu sumri, og er kostnaður þessi talinn 15 rd. Þér skýrið í bréfinu frá, að þér hafið áðr, en þessi reikningr var sendr yðr, svarað sýslumanninum, þá er hann spurði yðr um það, eptir hverjum reglum hinn umræddi kostnaður ætti að greiðast, á þá leið, að sýslumaðrinn hefði rétt til að reikna sér borgun eptir 15. grein aukatekjureglugjörðarinnar, en að þar á móti ætti að ákveða laun skoðunarmannanna eptir 8. grein í tilsk. 15. apríl 1776, en síðan hafið þér við nýja og ýtarlegri íhugun komist að raun um, að það sè vafasamt, hvort sýslumaðrinn geti reiknað sér dagpeninga og ferðakostnað eptir aukatekjureglugjörðinni, því þó orðin í hinni nefndu grein hennar «þetta gildir . . . eðr önnur gjörð, í hverri einskis dóms er óskað» nái einnig til útvisunargjörða til nýbýla, muni þó réttara að álíta, að hinar sérstaklegu ákvarðanir tilskipunarinnar frá 1776 sèu eigi numdar úr gildi með aukatekjureglugjörðinni. Loksins hafið þér tekið fram, að það virðist að minsta kosti auðsætt, að sýslumaðrinn geti ekki, eins og gjört hefir verið í upphaflega nefndum reikningi, talið sér borgun að nokkru leyti eptir tilskipun 1776 og að nokkru leyti eptir aukatekjureglugjörðinni, enda hafi kansallibréf frá 5. októbr. 1839 og rentukammerbréf frá 25. janúar 1840 gjört ráð fyrir, að sýslumönnum beri einungis borgun fyrir gjörðir þær, sem sè um að ræða, eptir tilskipun 1776.

47
5ta
desbr.

Af þessu tilefni skal yðr tjáð, að landshöfðinginn er yðr samdóma í því, að ákvörðunum þeim, sem 8. grein tilskipunar 15. apríl 1776 hefir inni að halda um borgun af konungssjóði fyrir útvisunargjörðir, er sýslumaðrinn fremr eptir fyrirmælum amtmanns, hafi eigi í neinu tilliti verið raskað með aukatekjureglugjörðinni 10. septbr. 1830, enda hefði, ef svo væri, átt að fara með þetta mál eptir 13. gr. reglugjörðarinnar um kostnað í opinberum málum, og eigi eptir 15. gr. hennar.

Samkvæmt tilskipun frá 1776 verður kostnaðrinn við nýbýlis útvisun þá, sem hér er um að ræða, því 5 rd. til sýslumanns og 3 rd. 32 sk. til áreiðar- og skoðunarmanna, og fylgir þessu bréfi til þóknanlegrar ráðstafanar herra amtmannsins jarðabókarsjóðsávisun með 2 fylgiskjölum á þessar upphæðir, samanlagðar 8 rd. 32.

Bréf landshöfðingjans (til póstmeistarans).

Með þessu bréfi var meðal annars tilkynt póstmeistarannum, að burðargjald það, sem greiða skal sérstaklega hinni dönsku póststjórn fyrir böggla- og peningasendingar til Nor-egs og Svíþjóðar, verði frá 1. janúar 1875 þetta:

48
8da
desbr.

1. Undir peningabréf og póströfuskýrteini:

a, gjald eptir vikt: 16 aurar fyrir bréfið.

¹ Forngripasafninu var fyrst með bréfi 5. marz 1870 veittir 500 rd. styrkr, og síðan samkvæmt bønarskrá alþingis 1871 með 7. grein fjárhagsáætlunarinnar fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, 200 rd.

48
8da
desbr.

b) gjald eptir andvirði (undir peningabréf): 8 aurar fyrir hverjar 200 krónur eðr minni upphæð, eptir því sem á sendingunni er til tekið.

2. Undir böggla:

a) gjald eptir vikt: aðalburðargjald 12 aurar og viðbót 4 aurar fyrir hvert pund eðr part af pundi.

b) gjald eptir andvirði, hið sama og undir peningabréf.¹

49
10da
desbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Í bréfi frá 10. f. m. hefir hreppstjóri Magnús Árnason kvartað yfir því, að þér herra amtmadr með úrskurði 12. oktbr. þ. á., hafið neitað að breyta úrskurði sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 17. ágúst þ. á., en með honum er hreppstjórannum neitað um lausn² frá að vera hreppsnefndarmaðr í hreppi sínum. Eptir að eg nú með þóknanlegu bréfi frá 7. þ. m. hefi meðtekið bæði ummæli herra amtmannsins um þessa umkvörtun og hin eldri skjöl viðvikjandi málinu, skal með þessu bréfi þjónustusamlega tjáð yðr til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutadeigöndum það, er nú segir:

Það sést af bréfi kærands frá 26. ágúst þ. á. til amtmannsins, að hann hafi, eptir að vera kosinn á hreppaskilapönginu á síðastliðnu vori í hreppsnefndina í Fljótshlíðarhrepp, orðið síðar samkvæmt 10. grein tilskipunar 4. maí 1872 fyrir oddvitakosningu, og það virðist að leiða af þessu, að hann hafi ekki samkvæmt 8. grein tilskipunarinnar, þá er hann var kosinn hreppsnefndarmaðr, skorast undan því að taka við kosningu og borið afsakanir sínar undir kjörstjórnina; þar í mót er ástæða til að halda, að hann hafi sem hreppsnefndarmaðr tekið þátt í oddvitakosningunni.

Það verður því að ætla, að ekki hafi verið heimild til að leita úrskurðar sýslumannsins um afsakanir kærands frá að taka við kosningunni til að vera hreppsnefndarmaðr, því sýslumanni ber einungis að dæma um þessar afsakanir, ef kjörstjórnin neitar að taka þær til greina, og er það í stað sýslunefndarinnar, að sýslumadrinn hefir fengið þenna myndugleika með tilliti til kosninga þeirra, sem hafa farið fram í ár.

Af þessum ástæðum verður umkvörtun Magnúsar Árnasonar ekki tekin til greina, og verður hann, ef hann þykist hafa tilefni til að beiðast lausnar úr hreppsnefndinni, áðr en sá tími, er hann var kosinn fyrir, er liðinn, að bera þetta upp samkvæmt 9. grein tilskipunarinnar fyrir hreppsnefndinni, eðr, ef hún ekki fellst á afsakanir hans fyrir sýslunefndinni, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

1) Auk þessa gjalds á að borga undir slíkar sendingar venjulegt burðargjald milli Íslands og Danmerkr samkvæmt auglýsingu 26. sept. 1872, 6. 9 og 10. grein:

1. undir peningabréf.

a, gjald eptir vikt: fyrir alt að 3 kvint 16 aurar; alt að 25 kv. 33 aurar; alt að 80 kv. 50 aurar.

b, — eptir andvirði: 25 aurar fyrir hverjar 200 krónur eðr minni upphæð.

2. undir böggla.

a, gjald eptir vikt: 25 aura aðalburðargjald og 8 aura viðbót fyrir hvert pund.

b, — eptir andvirði, hið sama og undir peningabréf.

2) Aðalástæða hreppstjórans til að skorast undan hreppsnefndarkosningu var sú, að hann hefði gegnt hreppstjórn 6 hin síðustu ár, og áleit hann, að hreppstjóri hefði binn sama rétt til að skorast undan kosningu sem hreppsnefndarmaðr, en hann ávinur sér slíkan rétt með því að vera í nefndinni 3 ár eðr lengr (5. gr. tilsk 4. maí 1872). Sýslumadrinn fælt ekki á þetta, og sagði meðal annars í úrskurði sínum: „Sveitarstjórnartilskipunin gefr enga átyllu til að álíta, að undangengin hreppstjórn, þó löng og góð hafi verið, leysi menn undan nefndarkosningum, enda hefði sú ákvörðun ein getað gert hina nýu sveitastjórnartilböggn ónýta, því jafnmikil breyting og þessi getr því að eins farið í lagi, að þeir, sem hafa þekkingu og æfingu við fyrra fyrirkomulagið, vinna að því að koma breytingunni á“.